


Fjallabyggð



Reglur um tilnefningu bæjarlistamanns Fjallabyggðar

1.gr.

Markaðs- og menningarnefnd Fjallabyggðar veitir listamanni í Fjallabyggð nafnbótina „Bæjarlistamaður Fjallabyggðar“, ásamt styrk til eins árs. Aðeins þeir listamenn sem búsettir hafa verið í Fjallabyggð að minnsta kosti um tveggja ára skeið koma til greina. Nafnbótin getur hvort sem er hlotnast einstaklingum eða hópi.

2. gr.

Styrkurinn skal vera ákveðin upphæð á ári samkvæmt fjárhagsáætlun. Upphæð styrks skal koma fram þegar auglýst er eftir bæjarlistamanni.

3. gr.

Markaðs- og menningarnefnd auglýsir eftir umsóknum og/eða óskar eftir rökstuddum ábendingum um bæjarlistamann, en er þó ekki bundin af því. Auglýst skal í bæjarblöðum og á heimasíðu Fjallabyggðar fyrir 25. nóvember ár hvert. Ákvörðun um bæjarlistamann er tekin af markaðs- og menningarnefnd.

4. gr.

Í umsókn listamanns skal koma fram á hvern hátt hann hugsar sér að láta sveitarfélagið og íbúa þess njóta listar sinnar.

Það getur t.d. verið með sýningar- eða tónleikahaldi, samstarfi við félag bæjarins og skóla, eldri borgara og/eða aðra listamenn í sveitarfélaginu í samráði við menningarfulltrúa.

5.gr.

Bæjarlistamaður er tilnefndur í upphafi árs út almanaksárið. Markaðs- og menningarnefnd mælist til þess að „Bæjarlistamaður Fjallabyggðar“ láti nafnbótina koma fram sem víðast.

6. gr.

Gera skal skriflegan samning við bæjarlistamann.

7. gr.

Reglur þessar taka gildi við samþykkt þeirra í bæjarstjórn.

Samþykkt á 95. fundi bæjarstjórnar 12. desember 2013.